

## Fyrirspurn

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um endurmenntun ökumanna  
farþega- og vöruflutningabifreiða.

Frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur.

1. Hvernig hefur endurmenntun ökumanna sem stjórna ökutækjum í C1-, C-, D1- og D-flokki til farþega- og vöruflutninga í atvinnuskyni verið háttað eftir gildistöku laga nr. 13/2015, um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987?
2. Hafa endurmenntunarnámskeið fyrir framangreinda ökumenn verið haldin annars staðar en í Reykjavík og þá hvar?
3. Hefur verið boðið upp á endurmenntunarnámskeið í fjarnámi?
4. Hver eru námskeiðsgjöld fyrir endurmenntunarnámskeiðin?

Skriflegt svar óskast.